

Fundur hjá skólaráði Ártúnsskóla

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri og ritari fundar, Bárður Steinn Jóhannesson fulltrúi starfsmanna grunnskóla, Lilja Hrönn Einarsdóttir fulltrúi frístundar, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar, Anna Dögg Rúnarsdóttir fulltrúi starfsmanna á leikskóladeild, Árni Brynjúlfsson fulltrúi foreldrafélags, Ingólfur Finnbogason, Hörður Þór Jóhannsson og Guðrún Þorleifsdóttir fulltrúar foreldra, Una Ragnarsdóttir og Árdís Rún Viðarsdóttir fulltrúar nemenda og Eypór Víðisson öryggisgulltrúi vinnuverndar.

Ellen setti fund og fór yfir fulltrúa skólaráðs í vetur og starfs- og fundaaætlun ráðsins fyrir skólaárið.

Næst var farið yfir verkefni og hlutverk skólaráða almennt samkvæmt grunnskólalögum.

Starfsáætlun grunnskóladeildar var lögð fyrir fundinn. Hafði verið send í pósti á fulltrúa skólaráðs til yfirlstrar í síðustu viku. Starfsáætlun grunnskóladeildar var samþykkt á fundinum án athugasemda.

Starfsáætlun leikskóladeildar var skilað í lok júní og hafði verið samþykkt af fulltrúum í skólaráði.

Lesfimi fyrirlögn var í september samkvæmt venju og farið var yfir niðurstöður skólans. Niðurstöðurnar koma vel út.

Niðurstöður lesferlis frá fyrirlögn í vor hjá 2. bekk var einnig farið yfir. Niðurstöður komu mjög vel út og 88% nemenda í 2. bekk voru með aldurssvarandi færni í lestri.

Áætlanir um innra mat og umbótaáætlun eru komnar á heimasíðu skólans. Bæði áætlun síðasta skólaárs útfyllt sem og áætlunin sem unnið verður eftir í vetur. Ellen sýndi líka niðurstöður á innra mati þar sem skólar í Austurmiðstöð voru borni saman. Ártúnsskóli kemur vel út.

Næst var farið yfir skipulag skóladagsins og töflur og útivaktir sýndar og útskýrðar. Að morgni er næðisstund á sal skólans frá kl. 7:50. Frá kl. 8:10 er farið inn í skólastofur þar sem næðisstund heldur áfram þar til að kennsla hefst kl. 8:25. Matartími var lengdur þetta skólaár og nú eru allir árgangar með 20 mínútur í mat. Ef börnin ná ekki að klára að borða á þeim tíma mega þau sitja lengur. Hádegishléið er 40 mínútur hjá 1. – 4. bekk og þar af eru 20 mínútur til að borða og 20 mínútur í hreyfingu. Foreldri spurði út í af hverju matartíminn hafi ekki verið lengdur meira. Ellen útskýrði að það er ekki talið til bóta í skólastarfinu að lengja matartímann meira. Í matartímanum gefst börnunum tækifæri til að spjalla saman og umgengnishljóð eru alltaf, sem telst eðlilegt. En það er ekki agaleysi á matsal og þar eru alltaf starfsmenn í gæslu. Einnig spurði foreldri út í gæði á matnum frá Skólamat. Ellen fór yfir það að starfsfólk skólans upplifir að maturinn er vel ásættanlegur og salatbarinn er alltaf fjölbreyttur. Rekstur mótuneytis er flókin og í litlum skóla er fjárhagslega hagstæðast að útvísta matnum til utanaðkomandi rekstraraðila.

Varðandi öryggismál þá hefur skólinn óskað eftir því að bílastæði skólans verði girt af og lagður göngustígur norðan megin við bílaplanið, við girðingu leikskólalóðarinnar. Það reynist erfitt að fá alla



ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

foreldra til að stoppa í hringtorginu og hleypa börnum út þar og þeir keyra þá inn á bílastæði skólans. Foreldri bendir á að foreldrar virða ekki bílastæði fyrir fatlaða við leikskólann. Stjórnendur skólans munu senda póst á foreldra leikskóladeildarinnar vegna þessa.

Breytingar voru gerðar innan húss á leikskóladeildinni í sumar og þar voru deildar færðar til innanhúss. En beðið er eftir allsherjar endurbótum á húsnæði leikskólans. Foreldrar og starfsfólk er mjög ánægt með breytinguna sem var gerð í sumar.

Fundi slitið kl. 9:20

Fundarritari
Guðrún Bára